Nd. **548. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta. Allir nefndarmenn voru sammála um, að fullkomin nauðsyn sé á lagasetningu, er veiti bæjar- og sveitarfélögum aðstöðu til aukinna tekna, en greindi á um, hverja leið skyldi fara í því efni.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, með skirskotun til greinargerðar frumvarpsins, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (JörB) undirritar með fyrirvara. En einn (StJSt) hefir lýst sig frumvarpinu ósamþykkan, og mun gera grein fyrir afstöðu sinni.

Alþingi, 13. nóv. 1935.

Sigfús Jónsson, form., frsm.	Jakob Möller, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson. með fyrirv.
	Ólafur Thors.	